

## Stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2014, föstudaginn 21. nóvember 2014 var haldinn 141. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgar-svæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.30. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Haraldur L. Haraldsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir lið 1. Þorsteinn Einarsson frá Forum lögmönnum sat fundinn undir lið 4. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

### Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun SHS 2015 - 2019  
Slökkviliðsstjóri fór yfir fjárhagsáætlun SHS samstæðu fyrir árið 2015. Rammaáætlun 2016 – 2019 lögð fram samhliða.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Fjárhagsáætlun SHS 2015 - 2019, dags. 21. nóvember 2014.Samþykkt og verður send sveitarfélögunum.
2. Starfsáætlun SHS 2015 - 2016  
Starfsáætlun SHS fyrir árin 2015 og 2016 lögð fram til samþykktar.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Starfsáætlun SHS 2015 – 2016, dags. nóvember 2014.Samþykkt.
3. Níu mánaða uppgjör 2014  
Slökkviliðsstjóri kynnti níu mánaða uppgjör SHS samstæðu.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - SHS samstæða 9 mánaða uppgjör 2014, dags. 21. nóvember 2014.Engar athugasemdir gerðar.
4. Staðan í málaferlum vegna gengislána  
Þorsteinn Einarsson frá Forum lögmönnum kynnti stöðu í málaferlum SHS við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. og Íslandsbanka hf. vegna gengislána.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Minnisblað Forum lögmanna; Dómsmál á hendur Íslandsbanka hf. og Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dags. 17. nóvember 2014.Kynning.
5. SHS fasteignir ehf.  
Slökkviliðsstjóri leitaði heimildar stjórnar til þess að leysa eignir SHS fasteigna ehf. til móðurfélagsins í samræmi við áætlun þar að lútandi.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Minnisblað SHS, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf., dags. 19. nóvember 2014.Samþykkt að fela slökkviliðsstjóra að að leysa eignir SHS fasteigna ehf. til móðurfélagsins í samræmi við áætlun þar að lútandi.
6. Skarhólabraut m.t.t. sjúkraflutninga  
Slökkviliðsstjóri óskaði formlegs samþykkis stjórnar til þess að hefja byggingu sjúkrabílageymslu við Skarhólabraut, sem frestað var á meðan óvissa ríkti um sjúkraflutningasamning við ríkið.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Minnisblað SHS, Bifreiðageymsla sjúkrabíla á Skarhólabraut, dags. 17. nóvember 2014.Samþykkt.

7. Rekstrarúttekt byggðasamlaganna  
Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um rekstrarúttekt byggðasamlaganna kynnt.  
Eftirfarandi lagt fram:  
- Bréf SSH, Tillaga stjórnar SSH að rekstrarúttekt byggðasamlaganna, dags. 13. nóvember 2014.  
Samþykkt.

8. Endurskoðunarnefnd  
Í framhaldi af kynningu á endurskoðunarnefndar Reykjavíkur á 139. fundi stjórnar var lögð fram ósk um að aðkoma nefndarinnar að eftirliti stjórnar SHS með ytri endurskoðun og innra eftirliti hjá SHS yrði formgerð.  
Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samþykkir að fela endurskoðunar-nefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins. Endurskoðunarnefnd mun vinna fyrir hönd stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að verkefnum sem skilgreind eru í samþykktum fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkur, en þau helstu eru:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Komið verði upp verklagi í samstarfi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og endurskoðunarnefndar til að tryggja samfellu í upplýsingaflæði til stjórnar.

Slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar falið að útfæra samskipti við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

9. Önnur mál  
Engin önnur mál voru á dagskrá.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 19. desember.

### **Fundi slitið klukkan 10:30**

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson  
Gunnar Einarsson  
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir  
Haraldur Sverrisson